

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Könnun
- Leikskólinn

Næsti Pési kemur út 16. ágúst 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

12.ágúst

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Sumarleyfi	4
Leirvinnustofa	7
Matís	8
Land-græðsluferð	11
Skógarkerfill	14
Kvenfélagið	18

Júní 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 261. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna

Sumaropnunartími safnsins er:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Eldri Hrunamenn fóru á dögnum í ferðalag norður í land og komu ma.við í Héðinsfirði og Siglufirði:
Ljós:SigSigm



Karlarnir í Áhaldahúsinu stíllu sér upp fyrir
Ljósmyndarann Ljós:..SigSigm

Ragnheiður Karls í sumarblómabreiðu
Ljós:..SigSigm

Sveitarstjórapistill

Júní mánuður hefur heilsað okkur með mikilli blíðu og sannkölluðu sólskinsveðri. Hins vegar fylgir slíkum aðstæðum að á margan manninn rennur mikið vatnsæði og þyrftu ýmsir að fara á slöngutemjaraanámskeið. Vil ég því ítreka við fólk að nota kalt vatn úr vatnsveitukerfi sveitarfélagsins til vökvunar í algeru lágmarki. Þó ekki sé skortur á vatni er þetta soun á auðlindinni að vökva langt úr hófi fram. Það er annað vandamál sem ég vil vekja athygli á og það er framgangur Skógarkerfils í sveitarfélaginu. Þessi vágstur er mjög skaðlegur lífríkinu og viljum við segja honum stríð á hendur. Við ætlum að reyna að útrýma honum á Flúðum og það væri vel þegið að reyna að uppræta hann hvar sem til hans næst. Veit ég að Sigurður Magnússon er fús að veita fólki leiðbeiningar hvernig er best að fást við þetta vandamál. Svo vikið sé að öðrum gróðri þá vil ég minna á landgræðsluferðina upp á afrétt sem fyrirhuguð er í þessum mánuði en það er öllum hollt að mæta til að leggja góðu starfi lið sitt auk þess að anda að sér fjallaloftinu. Ekki spillir að árangur þessarar vinnu er orðinn mjög sjáanlegur á afréttinum. Í þessu sambandi má benda á að núna er verið að ganga frá samningum um tæmingar á rotþróum í sveitarfélaginu og um afsetningu á seyr. Gengið verður til samninga um tæmingu við Röra- og Stíflubjónustuna og við Landtak um afsetninguna en það verður einmitt mjög spennandi að sjá hvernig þessi áburður mun gagnast upp í Landgræðslugirðingu. Það fer því að líða að því að við svæðisskiptum sveitarfélaginu og byrjum að tæma rotþrær en það verður auglýst betur síðar. Jafnframt þessu erum við að koma fyrir geymslum fyrir seyrana upp á gámasvæði en nauðsynlegt er að geta lagrað hana þar. Annað verkefni sem er spennandi og komið á framkvæmdarstig er að útbúa bílastæði við öxl Miðfells fyrir þá sem vilja ganga á fjallið. Er það mjög þörf framkvæmd og vil ég þakka Gardari í Hellisholtum og Vegagerðinni fyrir stuðning við málið. Þetta býður upp á frekari möguleika að auglýsa náttúruþerlur okkar betur og bæta aðgengi fyrir bæði heima- og ferðamenn. Þá verður einnig spennandi að sjá hvaða gönguferðir verður boðið upp á í Hreppnum í sumar en ég veit að ferða- og menningarnefnd er að leggja drög að göngum sumarsins. Þetta verkefni er til fyrirmyndar og þeim til sóma sem standa að því, bæði nefndinni og leiðsögumönnum, sem eru að vinna gott starf. Hvet ég alla, bæði gesti og gangandi, til að nýta sér þessa náttúruupplifun í sumar. Annað fyrirbæri sem er sem betur fer komið til að vera er rekstur á bændamarkaði á Flúðum. Hann verður á sama stað og síðasta sumar. Eiga Auðsholtsmæðgur heiður skilinn að halda þessu áfram en þetta gefur sveitinni skemmtilegt yfirbragð og vekur athygli á því góða hráefni, sem við framleiðum hér í sveitinni. Það líður líka að annarri hátíð en það er 17. júní. Það verður spennandi að sjá hvað 17. júní nefndin kokkar upp þetta árið en ég hvet alla til að mæta á hátíðarhöldin og ekki síst til að fjölskyldan geri eitthvað gaman saman á slíkum degi. Þá fer einnig að líða að því að vinnuskólinn fyrir unglinga byrji en það eru 6 galvaskir krakkar sem ætla að vera að vinna með starfsmönnum okkar til að gera góða hluti í sumar við fegrun umhverfisins o.fl. þörf verk. Það verður gaman að sjá hvort ekki liggi eftir sumarið ummerki um starfið. Þá vil ég minnst á að verið er að ganga frá áframhaldandi samningum við þá skólabilstjóra sem hafa sinnt skólaakstri við Flúðaskóla. Er það ánægjulegt að hægt sé að halda þessu góða samstarfi áfram. Þesinn mun síðan fara í sumarfrí í júlí, eins og skrifstofa Hrunamannahrepps sem mun loka í 3 vikur í júlí, þannig að það verður víst enginn júlípistill. Ég vil óska öllum góðs sumars og njótið þess vel.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Hef til sölu minningakort

Hrunakirkju, Krabbameinsfélags Árnassýslu

Proskahjálpar á Suðurlandi, Styrktarsjóðs hjartasjúklinga

Styrktarsjóðs hjartveikra barna

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími í sumar

Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00

Laugardaga 10:00-18:00

Sunnudaga: 10:00-18:00



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

opnunartími hreppsskrifstofu, sumaropnun

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Skrifstofan er lokuð frá 9.júlí til 27.júlí vegna

sumarleyfa starfsmanna

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275




Húsmíðar

Innréttingar

Vélaleiga

Gröfur o.fl.



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Upplit

Menningarklassi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Girðingar - Girðingar - Girðingar

Randbeitarvir



Hvítur
250 m

Orange
250 m


Rafgirðingareipi



Hvít
100 m - 200 m

Grænn/hvít
100 m -
200 m

Randbeitarstaurar



Jarðvir
1,6 - 2,5 mm



Hlið - hliðhandföng



Rafgirðingabörði



100 m
200 m

Spennugjafar
220 V -
Rafhlöðu



Einangrarar - rofar



Túngirðingarnet
Gaddavir



Tilboð - Tilboð

Randbeitarkefli

Tilboðsverð
Kr. 3.990



Girðingastaur
gagnvarinn
70/1800

Tilboðsverð
Kr. 446,-*



Randbeitarkefli
niðurgírað

Tilboðsverð
Kr. 6.990

*Ef tekið er eitt búnt 203 staurar



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG
OG ALLT ÞAR Á MILLI.
ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.
OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-16 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Opnun!

Nú er komið að því að ég ætla að opna nýju vinnustofuna mína, Braggann Leirvinnustofu í Birtingaholti. Vinnustofan er gamla kartöflugeymslan okkar, ný-upp-pússuð og hefur aldrei verið finni. Þarna verð ég með til sölu og sýnis leir og postulínshluti.

Fyrsti opnunardagur verður 17 júní og er þá um að gera að renna við og skoða.

Opnun verður svo föstudaginn 22 júní, kl 18-21 og þá vil ég bjóða öllum sem vilja kíkja við að þiggja léttar veitingar og samgledjast með mér.

Vinnustofan verður svo opin í allt sumar fyrir gesti og gangandi

OPNUNARTÍMI:

júní - ágúst ; fimmtudag - mánudag ; kl. 13-18
eða eftir samkomulagi í síma 8979923

Sjáumst, Erna í Birtingaholti

Ert þú með góða hugmynd, en gætir þegið aðstoð við að koma henni í framkvæmd!



Því ekki að kynna sér hvaða aðstoð Matarsmiðjan á Flúðum getur veitt þér. Matarsmiðjan á Flúðum og Matis hefur yfir að ráða mjög færur starfsfólki sem getur veitt þér aðstoð eða ráðgjöf um flest það er snýr að matvælum og matvælaframleiðslu. Fullkomin aðstaða sem býður uppá margvíslega möguleika er varðar matargerð. Pantaðu þér frían tíma eða hafðu samband og saman finnum við leið til að þín hugmynd geti orðið að veruleika. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 858-5133 eða með tölvupósti á pósthfagnid vilberg@matis.is

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í Árnesi, hefur fengið nýtt símanúmer **486-6100** og nýtt faxnr. er **486-6120**.

Gamla númerið verður þó virkt áfram um einhvern tíma.

Þá hefur verið aukinn opnunartími skrifstofunnar.

Opið er eins og áður, mánudaga - fimmtudaga kl. 09-12 og 13 - 15

og nú er einnig opið föstudaga kl. 09 - 12.

Skrifstofan, Árnesi.



Óbyggðakort

Á Skrifstofu Hrunamannahrepps eigum við enn til sölu (á 500 kr)., óbyggðakort af afrétti milli Þjórsár og Hvítár. Upplagt að næla sér í eintak fyrir ferðalög sumarsins :)

Breyting hefur orðið á fyrirkomulagi fjallaskála á Hrunamannaafretti. Öllum skálum hefur verið læst með sama hætti og í Fosslæk síðastliðin ár. Þannig að til að komast inn í skálana þarf einungis að hringja og fá talnanúmer.

Allar nánari upplýsingar og bókanir eru veittar í síma 848-2599 eða á

skalar.fludir@gmail.com

Heimasíða: www.skalar.fludir.is

Óskilamunir í sundlauginni Flúðum

Töluvert magn af fötum aðallega sundfatnaði, liggur hjá okkur eftir veturinn. Einnig ýmislegt smádót sem hefur gleymst. Kíkið endilega við hjá okkur ef þið saknið einhvers, sem hugsanlega hefur orðið eftir hér. Það sem ekki hefur verið sótt fyrir 14.júlí verður þá gefið eða hent.



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Grímsævintýri

Handverksfólk – framleiðendur – þjónustuaðilar

Laugardaginn 11. ágúst n.k. verður markaðsdagur
á Borg, Grímsnesi.

Þar verður í boði aðstaða til að selja og kynna varning
og starfsemi eins og undanfarin ár.

Dagskráin verður fjölbreytt, Möguleikhúsið, tombóla kvenfélagsins,
töframaður
og margt, margt fleira.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í markaðsdeginum
og vera með sölu- eða kynningarbás er bent á að hafa samband fyrir 31.
júlí n.k., nánari upplýsingar og skráningu annast:
Friðsemd í síma 862-1982, netfang fes82@live.com

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Ábending frá Umhverfisnefnd!

Ef plastpokinn er skorinn innan úr áburðarsekk og því skilað aðskildu, þá eru þessar umbúðir endurvinnanlegar og mega skilast með rúllubaggplast.

Umhverfisnefndin

Strandblak!!

Keppni í strandblaki verður þann 23.júní nk.á strandblaksvellinum við Tjaldsvæðið á Flúðum. Keppt verður í tveimur flokkum, tveggja og þriggja manna liðum. Allir áhugasamir skrái sig á netfangið: blakfludir@gmail.com
Blakdeild UMFH

Nýjung á Minilik Flúðum.—Pantið og sækið.

Fyrst sinn verða tveir réttir í boði: 1) AKG kjúklingur.(Fæst aðeins í Minilik á Flúðum. 2) Ferskt salat.

Tilbúið ca 20-30 mín eftir pöntun. Pantanir í s: 846 9798 / 486 6660

Opnunartími:

Alla daga. Opnið frá 12:00-21:00

Lokað frá 22. júní til og með 25.júní

Upplýsingar og borðapantanir í síma 846 9798 eða 486 6660 á opnunartíma.



Þann 17.júní verður Minilik eins árs. Af því tilefni verður 15% afsláttur af öllum aðalréttum hússins 17.og 18.júní.

LAUGARVATN fontana

UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR

Þriðjudagur, 15. maí

Hófst sumaropnun okkar, en þá opnuðum við kl. 11:00 og höfum opið til 22:00 alla daga vikunnar út september. Við hvetjum ykkur að fjárfesta í árskortu strax fyrir sumarið, en þá hækkar verðskráin okkar einnig lítillega.

Í kaffiteríunni okkar bjóðum við meðal annars upp á silung, reyktum í Útey sem við berum fram á okkar eigin rúgbrauði. Þetta þykir mörgum nauðsynlegur hluti af gufubaðinu.

Síminn hefur ekki breyst, 486 1400

Hin árlega uppgræðsluferð Landgræðslufélags Hrunamanna, í afréttinn, verður farin föstudaginn 15. júní 2012.

Mæting er við afréttarhliðið kl. 10.00. Þar verður verkefnum úthlutað. Þeir sem ekki komast fyrr en um hádegi eru velkomnir þá.

Dreifa á áburði og fræi. Dreift verður með dráttarvélum og handsáð.

Einnig á að dreifa heyi og þarf dráttarvélar með tækjum í það.

Hvetjum allt áhugafólk um landgræðslu til að mæta og leggja góðu málefni lið.

Ef einhverv vantar far innúr má hafa samband við Esther í síma 8658761.

Grillveisla og léttar veitingar fyrir þátttakendur verður að verki loknu í Svínárnesi ☺

Skráning á fólki og tækjum í ferðina hjá stjórnarmönnum:

Esther 8658761, Sigurður H. 8664219, Samúel 8641758,

Eiríkur 8928876, Jóhanna B. 8494961.

Tónleikar



Þóra Gyldadóttir sópransöngkona,
Guðbjörg Magnúsdóttir söngkona og
Hjörtur Ingvi Jóhannsson píanóleikari



Verða með tónleika í Árbæjarkirkju
Þriðjudagskvöldið 3. júlí kl. 20.30.

Efnisskráin verður fjölbreytt og skemmtileg. Íslenskar
einsöngsperlur, aríur, jazzlög, söngleikjalög, dúettar og margt
fleira.

Miðaverð: 1500 kr.

Gaman væri að sjá ykkur !!

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímamantanir í Síma 856-1599

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á
Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-20:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 22. júní 2012

Tímamantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Upprætið hann strax – annars er það um seinan

Skógarkerfill breiðist út í Hrunmannahreppi

Skógarkerfill er nú farinn að breiðast í nokkrum mæli út í hreppnum. Hann hefur m.a. fundist við Galtafell, á Flúðum, við Bryðjuholt, Kópsvatn og sunnan við Kotlaugar (1. mynd). Ef hann á ekki að festa sig í sessi til frambúðar þarf að bregðast strax við og uppræta hann hvar sem hann finnst. Verði honum leyft að koma sér fyrir verður uppræting illmöguleg og afar kostnaðarsöm. Nú þurfa Hrunamenn því að taka höndum saman til að hindra landnám kerfilsins.

Af hverju ekki skógarkerfill?

Skógarkerfillinn er hávaxin og breiðumyndandi planta. Hann er mjög fljótur til á vorin og skyggir því út flestar lágvaxnari tegundir. Þar sem skilyrði eru fyrir hendi verður hann mjög einráður í gróðri. Hann nemur einkum land í næringarríkum og rökum jarðvegi þar sem sauðfjárbætur er aflögð. Hann sækir því í tún og garða. Þótt endurtekin jarðvinnsla og sláttur haldi honum að mestu frá garðlöndum og túnnum verður hann ráðandi í túnjökum, vegköntum, meðfram lækjum og þar sem jarðvegur er frjór og rakur. Verði honum leyft að nema land í hreppnum mun hann vafalaust gera ræktendum lífið leitt til frambúðar.



1. mynd. Skógarkerfill í vegkanti sunnan við Kotlaugar. Myndin er tekin 2. júlí 2011. Þá voru allar blómstrandir plötnur rifnar upp en allmargar unglöntur voru að vaxa upp í nágrönninu. Nauðsynlegt er að fylgjast með slíkum stöðum og uppræta allar blómstrandir plöntur til að koma í veg fyrir frekara landnám. Ljósm. SHM.

Hvernig lítur skógarkerfill út og hvernig má þekkja hann frá öðrum plöntum?

Skógarkerfill er hávaxin, hvítblóma sveipjurt sem getur orðið yfir 1,7 m á hæð. Fljótt á titið líkist hann kúmeni. Flestir ættu þó að geta greint þar á milli því kerfillinn er miklu hávaxnari og með mun grófari blöð. Skógarkerfill líkist hins vegar nokkuð spánarkerfli sem er einnig hvítblóma og nokkuð hávaxinn. Þá má hins vegar þekkja í sundur á því að lakkrislykt (anis) er af spánarkerfli en ekki af skógarkerfli. Til greiningar er ráðlegt að merja blöð á milli fingra. Ef enga lakkrislykt er að finna af blöðunum er um skógarkerfill að ræða.

Lífsferill skógarkerfils

Til þess að ná sem bestum árangri við upprætingu er mikilvægt að þekkja til lífsferils skógarkerfilsins en hann er vel útbúinn til að standa sig í samkeppni við aðrar plöntur.

Skógarkerfillinn fjölgar sér bæði með fræi og með rötarskotum sem kalla mætti „rótARBÖRN“ (2. mynd). Kerfillinn blómstrar yfirleitt um miðjan júní og standa blómin fremur stutt. Blómgun er háð stærð plöntunnar en kerfillinn blómstrar yfirleitt á þriðja til fjórða ári. Hann þroskar fræ í lok ágúst og í september og getur hver planta myndað allt að 10.000 fræ. Fræ kerfilsins eru venjulega fremur skammlíf og lifa flest aðeins einn vetur. Fræin þurfa að vera í kulda til þess að spíra en þau spíra snemma vors. Fyrsta sumarið myndar plantan blaðhvirfingu og öfluga stólparót. Næstu sumur stækkar plantan og blómstar þegar hún hefur náð nægilegri stærð. Jafnframt myndast tvö „rótARBÖRN“ utan á meginrótinni (2. mynd). Að lokinni blómgun og frædreifingu deyr plantan en „rótARBÖRNIN“ losna þá frá hinni deyjandi móður og taka að vaxa. Skógarkerfillinn fjölgar sér því bæði með fræi og vaxtaræxlun. Þetta er afar mikilvægur eiginleiki sem gerir það að verkum að víða er mjög erfitt að uppræta hann þar sem hann hefur komið sér fyrir.



2. mynd. Rætur skógarkerfils. Til vinstri og í miðju sjást „rótARBÖRN“ á rötum fullvaxinna plantna. Til hægri er dauð rót af gamalli móðurplöntu. Utan á henni eru „rótARBÖRN“ 15 sem eru komin vel á legg. Ljósm. SHM 26. júní 2007

Dreifing

Þótt kerfillinn hafi ekki sérhæfðan útbúnað til að dreifa sér tekst honum það með ýmsum hætti. Fræin geta dreifst með fuglum, vindi og vatni. Það er hins vegar maðurinn sem virðist stuðla mest að útbreiðslu hans. Kerfillinn berst auðveldlega með hvers konar farartækjum, svo sem snjómoksturstækum, bílum og dráttarvélum en einnig með jarðvegi og garðaúrgangi sem mengaður er af fræi. Hér á landi hefur kerfillinn því einkum breiðst út meðfram vegum. Þegar kerfillinn er kominn í garðlönd eða tún berst hann auðveldlega þaðan með landbúnaðartækjum til annarra garðlanda og túna.

Hvernig er hægt uppræta skógarkerfil og koma í veg fyrir frekari útbreiðslu hans?

Allra mikilvægast er að hindra fræmyndun. Best er að gera það þegar kerfillinn er í mestum blóma en þá er hann áberandi og auðvelt að finna hann. Hann er þá líklega einna viðkvæmastur gagnvart þeim aðgerðum sem beita þarf. Á nýjum vaxtarstöðum eða þar sem lítið er af kerfli má slíta upp blómstrandi plöntur, slá þær eða klippa. Þá má einnig nota plöntueitur, t.d. roundup, sem drepur kerfilinn nokkuð örugglega. Roundup drepur þó ekki aðeins kerfilinn heldur einnig aðrar plöntur. Sé plöntueitur notað ber að fara að með gát, einkum í grennd við ár og læki.

Ef kerfillinn hefur myndað breiður er sennilega ráðlegast að slá hann eða úða með plöntueitri. Hvor aðferðin sem valin er mun ekki gera út af kerfilinn í einu veffangi. Meira þarf til. Við sláttinn getur kerfillinn þétt sig verulega en það stafar af því að „rótarbörnin“ taka að vaxa og mynda nýjar plöntur. Í grófum dráttum má segja að fyrir hverja eina sem drepst spretta upp tvær í staðinn. Til þess að eyða skógarkerfli með slætti er því nauðsynlegt að slá a.m.k. tvisvar á sumri, sennilega mörg sumur í röð. Sama gildir um úðun með plöntueitri, því á meðan fræforði er í jarðvegi eða „rótarbörn“ til staðar má búast við að skógarkerfillinn komi upp aftur og þá gildir að sjá til þess að hann nái sér ekki á strik og myndi fræ.

Útrýming skógarkerfils er því ekkert áhlaupaverk sem gert er einu sinni. Hér þarf þrautseigju og úthald eins og við margt annað. Hinn kosturinn er að gera ekkert en það þýðir væntanlega mikla og stöðuga vinnu ræktenda við að halda kerflinum frá löndum sínum.

Rétt er að taka fram að skógarkerfill breiðist ekki út þar sem sauðfé gengur til beitar, sem bendir til þess að kindur bítu kerfilinn og haldi honum niðri. Því hlýtur að koma til álita að beita sauðfé á kerfilsbreiður. Hross virðast ekki halda kerflinum í skefjum og eru dæmi um að hann breiðist út í hrossahólfum (3. mynd).

Í sumar verður tækjasalurinn í Íþróttahúsinu opinn á mánudögum og miðvikudögum frá kl: 17:00-19:00.
Lokað frá 9.júlí en opnað aftur þann 8.ágúst



3. mynd. Skógarkerfill í gömlu hrossabeitarhólfí við Elliðaár í Reykjavík. Ljósmynd SHM 7. júlí 2011.

Frekari upplýsingar um skógarkerfil má m.a. finna hér:

<http://agengar.land.is/index.php/agengar-tegundir/skogarkerfill>

http://www.ni.is/media/grasafraedi/haplontur/Anthriscus_sylvestris.pdf

Sigurður H. Magnússon
gróðurvistfræðingur



STÓÐHESTAR TIL AFNOTA Í TÚNSBERGI.

Kvartett verður í girðingu í Túnsbergi í sumar. Kvartett er undan Gaumi frá Auðsholtshjáleigu og Stöku frá Litlu-Sandvík. Verð 35.000 með VSK, girðingargjaldi og einum sónar.

Kvartett er grár, 3ja vetra, mjög þroskaður foli
Pantanir í s: 893 8058 Gunnar og
s: 849 0546 Magga.



Bragur verður í girðingu í Túnsbergi eftir Landsmót.

Bragur er undan Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Stöku frá Litlu-Sandvík. Verð 60.000 með VSK, girðingargjaldi og einum sónar.

Pantanir í s: 893 8058 Gunnar
og s: 849 0546 Magga.

Björgunarfélagið Eyvindur

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar var haldinn þann 29. apríl síðastliðinn. Farið var yfir útköll og verkefni seinasta árs. Útköll og hjálparbeiðnir voru 14 talsins. Voru þar af 2 útköll sem flokkuðust undir hæsta forgang. Um 600 tímar hafa farið í námskeið hjá félagsmönnum á seinasta ári, en mikill metnaður hefur verið lagður í menntun félagsmanna. Um 1300 tímar hafa svo farið í fjáraflanir og vinnu.

Kosinn var nýr ritari og varaformaður þar sem Kristinn Eiríksson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu, formaður, gjaldkeri og meðstjórnendur gáfu áfram kost á sér. Baldur Örn Samúelsson var kosinn til starfa sem ritari og varaformaður.

Á síðastliðnu ári var gert samkomulag við sjúkrflutninga suðurlands um aðkomu sjúkrahóps félagsins að alvarlegustu útköllum sjúkraflutninganna hér í sveit og nágrenni. Þetta er gert til að stytta þann tíma sem tekur viðbragðsaðila að komast á vettvang og hefja fyrstu hjálp.

Unglingadeildin Skúli var lögð niður á seinasta ári eftir að Björgunarsveitin Sigurgeir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi dró sig út úr samstarfinu um sameiginlega unglingadeild. Í kjölfarið var unglingadeildin Vindur stofnuð sem Björgunarfélagið Eyvindur stendur eitt að.

Vegna aukinna krafna og kostnaðar við keppnishald á Traktorstorfærinni mun Björgunarfélagið ekki sjá sér fært að halda hana í sumar, en fyrirhugað er að halda bílasýninguna Kaggar úr sveit um verslunarmannahelgina.

Stjórn Eyvindar er nú.

Borgþór Vignisson formaður

Baldur Örn Samúelsson varaformaður og ritari

Óskar Rafn Emilsson gjaldkeri

Steingrímur Jónsson meðstjórnandi

Ágúst Helgi Sigurðsson meðstjórnandi

Kveðja stjórn Eyvindar
bfeyvindur@simnet.is

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Vorfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps

Maddama, kerling til Glasgow



Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ á Flúðum

Hlaupið frá íþróttahúsinu á Flúðum kl. 13:00, laugardaginn 16. júní.

Vegalengdir í boði: 2,5 km og 5 km.

Upphitun áður en lagt er af stað.

Eftir hlaupið er frítt í sundlaugina á Flúðum fyrir allar konur sem taka þátt í hlaupinu.

Forskráning og sala á bolum við verslunina Samkaup Strax

föstudaginn 15. júní kl. 16:00 - 18:00.

Einnig skráning og sala á bolum við íþróttahúsið frá kl. 12:00 á laugardeginum.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar.

Vorfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn að Hótel Flúðum, þriðjudaginn 19. júní kl. 19.00

Eins og fram hefur komið áður ætlum við okkur að fagna því allt árið að við eigum 70 ára afmæli.

Því langar okkur til að hafa vorfund félagsins með hátíðarbrag og ætlum að eiga saman ljúfa kvöldstund á Hótel Flúðum á kvenréttindaginn 19. júní kl. 19.00.

Við viljum hvetja félagskonur til að mæta á fundinn og njóta kvöldsins í góðum félagsskap félagskvenna og annarra gesta.

Í boði verður tvírétta kvöldverður að verði kr. 5100.-

Eftir stuttan fund verður ýmislegt annað til gamans gert.

Skráning hjá stjórnarkonum fyrir laugardaginn 16. júní.

Anna Ásmundsdóttir: 486-6080/anna@fludaskoli.is

Helena Eiríksdóttir: 486-6575/helena@fludaskoli.is

María Magnúsdóttir: 486-6520/mariamagg@simnet.is

Konur! Komum og njótum kvöldsins saman. Takið endilega með ykkur gesti og eins og endranær eru nýir félagar ávallt velkomnir í þennan góða félagsskap.

Munið að skrá ykkur fyrir 16. júní!

Maddama, kerling til Glasgow.

Ítrekum auglýsingu okkar frá því í maí varðandi kvennaferð til Glasgow 22. – 25. nóvember. Nokkrar konur hafa þegar skráð sig en við viljum hafa margar, margar konur með!!! J.

ALLAR KONUR eru velkomnar með og hvetjum við allar konur til að flykkjast með. Ferðin er skipulögð af Carola og Guddy en ferðin heitir „**Maddama kerling til Glasgow**“. Endilega skoðið nánar á netinu á vef Icelandair undir tenglinum „sérferðir“.

Þessi ferð er fyrir stelpur á öllum aldri, saumaklúbba, vinnustaðahópa, mæðgur og allar sem langar í góða og skemmtilega tilbreytingu frá amstri dagsins.

Takið ykkur saman, systur, frænkur, mæðgur, utansveitar sem innan og komið með í frábæra ferð!

Skráning hjá:

Else Nielsen: 486-6797

Esther Guðjónsdóttur: 486-6590/865-8761

Mörtu Hjaltadóttur: 486-6412/899-6412



Leikskólinn
Undraland

Flúðum, Hrunamannahreppi,
Sími: 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is



Föstudaginn 18.maí sl. var hin árlega vorsýning hjá okkur í Undralandi og í leiðinni héldum við upp á 30 ára starfsafmæli leikskólans. Rúmlega 100 manns komu og glöddust með okkur á þessum tímamótum og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna. Leikskólanum bárust nokkrar afmælisgjafir og má þar nefna bókagjöf frá Ragnheiði Kristinsdóttur og Fríði Sæmundsdóttur, tvær gröfur í sandkassann frá stórfjölskyldunni á Efra-Seli og peningagjafir frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps, Ragnari og Mörtu í Birtingaholti og Foreldrafélagi Undralands. Upphæðina frá Kvenfélaginu nýttum við til þess að kaupa þrjú sparkhjól fyrir leikskólann. Hjólin komu til okkar í lok síðustu viku, við settum þau saman og fórum í hópferð að pumpa í dekkinn og hafa hjólin verið í stöðugri notkun síðan. Hinar peningagjafirnar fara í að endurnýja útidótið okkar. Þökkum við enn og aftur kærlega fyrir þessar rausnarlegu gjafir.





Í júní brjótum við upp venjulegt skipulag og höfum fjallgöngu-, skógar- og vatnsviku. Við byrjuðum fjallgönguvikuna á því að fara í okkar árlegu Miðfellsgöngu. Veðrið lék við okkur og gáfum við okkur góðan tíma í gönguna, stoppuðum við suðurenda Miðfellsvatns og skelltum okkur í bað áður en við héldum heim til Öddu Siggu þar sem yngstu börnin og nokkrir starfsmenn biðu okkar með grillaðar pylsur og djús. Skógarkotsbörnin ásamt Halldóru og Freyju gengu svo meðfram fjallinu til baka í leikskólann. Efnilegir göngugarpar þar á ferð! Við nýtum svo hina daga fjallgönguvikunnar í að vinna úr Miðfellsgöngunni, ganga á Högnastaðaás og Hryggjarholtið.





Í næstu viku verður Skógarvika. Þá stefnum við að því að vera einn heilan dag í skóginum, leika okkur, rannsaka umhverfið, hvíla okkur og borða. Hina dagana nýtum við í verkefnavinnu og rannsóknir í skóginum. Í vatnsvikunni sullum við með vatn og gerum ýmsar tilraunir. Ef veður leyfir tökum við út garðslönguna okkar, setjum plast á stóra hólinn í garðinum og búum til vatnsrennibraut. Þökkum fyrir skemmtilegan vetur, gleðilegt sumar!
Börn og starfsfólk í Undralandi



Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi 17. júní 2012



Dagskráin hefst með skruðgöngu, sem leggur af stað frá íþróttahúsinu
kl. 13.30.

Að henni lokinni (um kl.14.00) hefjast hefðbundin hátíðarhöld í
Íþróttahúsinu.

Sprell í sundlauginni og 17. júní hlaup og kassabílarallý og fleira.

Sent verður út dreifibréf með nánari dagskrá

KÖNNUN!

Upp hefur komið sú hugmynd að kanna hvort áhugi væri hjá íbúum Hrunamannahrepps 60 ára og eldri, að stofna byggingasamvinnufélag um byggingu fjölbýlishúss á Flúðum. Húsið yrði með 15-20 íbúðum, sem væntanlegir kaupendur ættu 100%. Til að tala skýrt um málið, væri um að ræða íbúðir: $50+m^2$, $70+m^2$, og $90+m^2$. Hús þetta (blokk) yrði á þremur til fjórum hæðum og á neðstu hæðinni yrði gert ráð fyrir mötuneytisaðstöðu. Þar yrði einnig aðstaða fyrir hjúkrunarfæðing í 30-60% stöðu, rými fyrir húsvörð og aðra þjónustu.

Fjármögnun íbúða hvers og eins yrði m.a.með láni úr Íbúðalánasjóði, sem síðan fylgdi íbúðinni til næsta eiganda. Mötuneytishlutinn yrði sóttur í Framkvæmdasjóð aldraðra og væntanlega yrði að koma framlag úr sveitarsjóði á móti.

Flestallir á þessum aldri sitja í uppgreiddum húsum svo snjöll lausn væri að skilja eftir á þeim veð til að auðvelda öðrum aðilum að eignast þau.

Hér er ekki verið að tala um hjúkrunarheimili, heldur hús með þjónustu gegn gjaldi og réði hver og einn hvað hún yrði mikil-, þrif,þvottur,hárgreiðsla,snyrting osfrv.

Ef einhver aðili vildi ekki nýta sér íbúð sína strax, væri hún sett í útleigu, þar til hentaði, en á skilmálum 60+.

Einnig komi til greina að leita eftir samstarfi út fyrir okkar sveit Hugmyndin með þessu er að geta dvalið í sinni heimasveit eins lengi og kostur er, án áhyggna yfir heilsu eða ýmsu smálegu,svo sem hirðu á garði, viðhaldi eigna og í sumum tilfellum alltof stóru húsi. Þeir sem hafa áhuga á að ræða þessa hugmynd sendi nafn sitt í lokuðu umslagi (eða á tölvupósti: hruni@fludir.is) á Skrifstofu Hrunamannahrepps, merkt: „Hugsað fram í tímann“ fyrir 1.júlí nk. Ef þátttaka fæst verður síðan boðað til fundar um málefnið.

Könnunarhópur 1/6 2012

Til sölu!!

Þriggja ára IKEA kojur 90x200 cm.

Upplýsingar í síma 848 1474



Tómötum pakkað hjá Ragnheiði Karls .Ljóm:SigSigm

